

XVI. *Um sektir o. fl.*

94

18. júní

## 32. gr.

Ef menn brjóta þessa samþykkt eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur henni samkvæmt, þá varðar það alt að 200 króna sekt, er rennur í sveitarsjóð.

Kjósi heilbrigðisnefnd heldur að vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, og síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

## 33. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1910.

Þetta er hérmeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 18. júní 1910.

**Björn Jónsson.**

*Eggert Briem.*

## Auglýsing

95

18. júní

um staðfesting stjórnarráðsins á heilbrigðissamþykkt fyrir Kirkjuhvammshrepp í Húnavatnssýslu.

Samkvæmt lögum nr. 64, 10. nóvbr. 1905, um heilbrigðissamþykktir fyrir bæjar- og sveitarfélög, er hérmeð staðfest eftirrituð heilbrigðissamþykkt fyrir Kirkjuhvammshrepp í Húnavatnssýslu, sem hlutaðeigandi sýslunefnd hefir samið.

### Heilbrigðissamþykkt

fyrir Kirkjuhvammshrepp í Vestur-Húnavatnssýslu.

*I. Almenn ákvæði.*

1. gr.

Samþykkt þessi nær yfir Kirkjuhvammshrepp.

## 2. gr.

Hreppstjóri er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður, er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar, er sýslunefnd kýs af íbúum hreppsins til jafnlangs tíma.

## 3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa, eða hinir tveir nefndarmenn eða héraðslæknir óska þess, þó eigi sjaldnar en tvisvar á ári, í maí og október; hann ákveður fundartíma og fundarstað, ritar í fundabók gerðir nefndarinnar, hefir á hendi bréfaskriftir og annast um, að fyrirskipunum nefndarinnar sé hlýtt. Hann getur neitað að framkvæma ályktanir nefndarinnar, en skal þá tafarlnust skjóta málinu til úrskurðar sýslumanns. Héraðslæknir á heimtingu á að sitja á fundum nefndarinnar og taka þátt í umræðum, en ekki hefir hann atkvæðisrétt. Formaður skal boða honum fundinn í tæka tíð.

Ritfangakostnað, burðareyri og kostnað, er hlýst af fundarhöldum, skal greiða úr hreppssjóði eftir reikningi.

## 4. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa gætur á því, að heilbrigðissamþyktni sé hlýtt í öllum greinum. Nefndin skal að minsta kosti einu sinni á ári rannsaka eða láta rannsaka alt það, er ræðir um í samþykkt þessari, eða mikla þýðingu hefir fyrir heilbrigði manna, hvort heldur er á almannaþæri eða einstakra manna eign. Heimilt er nefndinni, að skifta þessu starfi milli nefndarmanna. Ef nokkur einn nefndarmaður, annar en formaður, krefst inngöngu í hús manna til skoðunar í umboði nefndarinnar, þá skal hann hafa í höndum skriflegt umboð frá formanni hennar.

Heilbrigðisnefndin skal færa í eina bók alt það, er hún finnur aðfinsluvert samkvæmt samþykkt þessari, og skal hún skriflega skipa þeim, sem í hlut eiga fyrir um, hvað þeir eigi að gjöra til umbóta, ella tilkynna sýslumanni, ef um brot er að ræða gegn samþyktni.

## 5. gr.

Ef heilbrigðisnefnd telur nauðsynlega einhverja þrifnaðarumbót eða heilbrigðisráðstöfun, sem hefir í för með sér útgjöld úr hreppssjóði, þá skal hún leggja mál það fyrir hreppsnefnd, og fara fram á að féð sé veitt. Nú hafnar hreppsnefnd slíkri fjárveitingu, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að skjóta málinu til sýslunefndar, er leggur fullnaðarúrskurð á það.

## II. Um frádræslu.

## 6. gr.

Skólp má ekki láta síga í jörð svo nærri íbúðarhúsum, að hætta sé á því,

að jarðvegurinn undir húsunum saurgist. Er nefndinni heimilt að skipa fyrir um fráræslu á þann hátt, sem hún telur tryggilegan.

**95**  
18. júní

### III. Um vatnsból.

#### 7. gr.

Öll vatnsból skal verja hverskonar óhreinindum. Skal hvorki í þau bera né láta í þau renna neitt það, er óhreinkar vatnið, eða spillir því. Húðir má eigi bleita í vatnsbólum, eða nærri þeim. Ef straumvatn rennur gegnum kaup-tún, eða framhjá bæjum, þá skal bannað að taka þaðan neyzluvatn, ef hætta er á því að straumvatnið óhreinist frá þeim, sem ofar búa.

#### 8. gr.

Brunn má ekki hafa nær haugum, forum eða salernum en svo, að milli-bilið sé 9,5 til 13 stikur. Nú vill einhver gera nýjan brunn, eða breyta gömlum brunni, og skal tilkynna það heilbrigðisnefndinni, er segir fyrir hvernig brun-ninum skuli vera háttáð, og er hlutaðeigandi skyldur að fara eftir fyrirsögn hennar.

#### 9. gr.

Heilbrigðisnefnd getur bannað að taka vatn úr brunni um stundarsakir, ef hún álitur vatnið óheilmæmt. Ef læknisrannsókn leiðir í ljós, að vatnið sé skaðvænt, og ekki er unt að gjöra við brunnninn svo, að vatnið verði ósaknæmt, þá skal heilbrigðisnefndin skipa eiganda að moka ofan í brunnninn, og fylla hann svo, að engu vatni verði úr honum náð.

### IV. Um peningshús, hauga, forir og salerni.

#### 10. gr.

Búfénað má enginn hafa í hibýlum manna, né í nánú sambandi við þau, nema með samþykki heilbrigðisnefndar.

#### 11. gr.

Ef einhver vill reisa peningshús eða gjöra for, haugstæði, haughús eða salerni, þá skal hann gæta fyrir mæla þeirra, er hér fara á eftir:

Ekkert peningshús má setja nær neyzluvatnsbóli en nemi 9,5 stikum, nema rennandi vatn sé og fulltrygt að áliti heilbrigðisnefndar, að ekki óhreinist. Fjós má ekki setja nær alfaravegi eða íbúðarhúsi í kauptúni en nemi 6,5 stikum. Salerni skal vera við hvert íbúðarhús í kauptúni. Ennfremur skulu verzlaniir

**95** skyldar að sjá verkamönnum sínum fyrir salerni. Hvert býli í hreppnum skal 18. júní hafa salerni og löghelda for. For eða haug má ekki hafa nær íbúðarhúsi eða alfaravegi en nemi 6,5 stikum. Forarveggir skulu jafnan ná að minsta kosti 20 skorir upp úr jörðu og skal byrgja forina svo að trygt sé að eigi stafi hætta af fyrir menn eða skepnur.

Í kaupþúni getur heilbrigðisnefnd bannað mykjuhauga og haughús og heimtað að forir skuli vera vel lagheldar. Í salernum þeim, sem eigi eru byggð yfir lagheldri for, skal hafa lagheld ílát, er nái fast upp að setunni.

#### 12. gr.

Í salernum skal seta og gólf jafnan vera vel hreint, og saurilátin skal tæma áður en þau fyllast. Heilbrigðisnefnd skal segja til hvar láta megi saurindi úr salernum.

#### 13. gr.

Ef peningshús, haugstæði, forir eða salerni, sem eldri eru en samþykkt þessi, valda miklum óþrifnaði, má heilbrigðisnefnd beita fyrir mælum undanfarandi greina, en heimilt er þá eiganda að skjóta fyrirskipun nefndarinnar á 8 daga fresti undir úrskurð sýslumanns. Sýslumaður skal leita álits héraðslæknis og því næst kveða upp úrskurð í málinu, svo fljótt sem verða má.

### V. Um sorp og önnur óhreinindi.

#### 14. gr.

Sorphaugar eða safngryfjur skulu ekki vera nær vatnsbólum en nemi 9,5 stikum. Flytja skal alt sorpið burt að minsta kosti tvisvar á ári, vor og haust.

Ef hús standa þétt saman, getur heilbrigðisnefnd heimtað að sorpi og ösku sé safnað í ílát og flutt í burtu áður en þau fyllast.

#### 15. gr.

Það er skylda sjómanna, að fleygja öllu slori í sjóinn, svo að út taki, ef því er eigi safnað í gryfjur á þeim stöðum, sem heilbrigðisnefnd leyfir. Farmenn bera ábyrgð á því, að ákvæði þessu sé hlýtt.

#### 16. gr.

Ef einhverskonar óhreinindi safnast kringum hús manna, svo að fyluloft eða daunilt renslí fer út á alfaraveg, eða inn á eignir þeirra, er næstir búa, þá getur heilbrigðisnefnd skipað húsráðanda þeim, sem óþrifnaðinum veldur, að flytja óhreinindin burtu tafarlaust.

Bannað er að gori og innýflum úr pestarkindum og öðrum sjálf dauðum **95** skepnum sé fleygt kringum bæi eða fénaðarhús. Skal það brent eða grafið í jörð 18. júní niður, þar sem það finst, svo hundar nái eigi til.

#### VI. *Um iðnað.*

##### 17. gr.

Hver sá iðnaður, er óhollusta fylgir, eða óþrifnaður, t. d. lýsisbræðsla, sútun o. s. frv., skal vera háður eftirliti heilbrigðisnefndar og fyrir mælum hennar að því er hreinlæti snertir bæði utan húss og innan.

#### VII. *Um slátrun.*

##### 18. gr.

Skylt er slátrunarhúsum og verzlunum að sjá um að slátrun sauðfjár fari fram á svæði, er umgirt sé á alla vegu svo að eigi sjáist inn í það af almanna-færi. Þrifa skal slátrunarsvæðið daglega og koma til sjávar saur og öðrum úr-gangi, er fram koma við slátrunina. En sullum skal eyða eftir fyrir mælum, sem þar að lúta. Ílát þau og áhöld, sem notuð eru við slátrunina, skulu daglega þvegin og hreinsuð. Vatn til þæklunar á kjöti skal tekið úr neyðsluvatnsbólum.

#### VIII. *Um matvöru.*

##### 19. gr.

Heilbrigðisnefnd skal hafa gát á því, að ekki sé höfð á boðstólum mat-vara, sem svikin er, skemd eða skaðleg fyrir heilsu manna. Nefndinni skal vera frjálst með samþykki hreppsnefndar að taka í búðum fyrir gangverð sýnishorn af hverri þeirri matvöru, er hún telur líkur til að svikin sé, skemd eða skaðleg fyrir heilsu manna, og láta rannsaka hana. Nú er það bersýnilegt, eða kemur í ljós við rannsókn héraðslæknis eða annara manna, er vit hafa á, að einhver matvara er ekki nýtileg til manneldis, og skal þá heilbrigðisnefnd banna, að viðlögðum sektum, þeim, er vöruna hefir á boðstólum, að selja hana til manneldis, og með auglýsingu vara almenning við að kaupa til manneldis hina skemdu vöru.

IX. *Um íbúðarhús.*

## 20. gr.

Öll íbúðarherbergi skulu vera svo gjörð, að unt sé að halda þeim hreinum. Gluggi skal vera á hjörum í hverju herbergi, eða önnur loftrás jafngóð, og trégólf í öllum íveruherbergjum.

Heilbrigðisnefnd má heimta af leigjanda eða eiganda, að ræstað sé íbúðarherbergi, ef það er svo óhreint, að nefndin álíti íbúum hættu búna.

## 21. gr.

Ef íbúðarhús er svo illa gert, hrörlegt eða þröngt, að heilbrigðisnefndin álitur hættulegt fyrir heilsu manna að búa í því, þá getur hún bannað íbúðina. Nefndin skal þá tilkynna húseiganda bannið skriflega, og færa rök fyrir því, og skal þá fólk fara úr húsinu á tveggja mánaða fresti frá tilkynningardegi, ef húsið er eigi bætt á þeim tíma, svo að nefndinni líki. Þó er húseiganda frjálst á 8 daga fresti að skjóta skipun nefndarinnar undir úrskurð sýslumanns, en hann skal leita álits héraðslæknis, og því næst leggja úrskurð á málið svo fljótt sem verða má.

## 22. gr.

Bannað er að taka kjallara til íbúðar án leyfis heilbrigðisnefndarinnar. Undir íbúðarhúsum, sem reist verða hér eftir, má eigi hafa kjallara svo gerða, að nokkurn tíma standi í þeim vatn.

X. *Um skóla.*

## 23. gr.

Heilbrigðisnefndin skal skoða öll skólahús og skólstofur, hvort heldur eru opinber eign eða einstakra manna, að minsta kosti tvisvar á ári, í byrjun skólaársins og á því miðju.

Hver sá, er tekur til kenslu 10 börn eða fleiri, er skyldur að tilkynna heilbrigðisnefnd hvar hann ætlar að kenna. Gluggar skulu vera á hjörum í skólstofum. Gólf skal þvo dag hvern en sópa ekki.

## 24. gr.

Ef heilbrigðisnefnd verður þess vör, að í skóla séu börn eða kennari, er hafa einhvern næman sjúkdóm, þá skal hún tilkynna héraðslækni nöfn og heimili þeirra, sem sjúkir eru. Ef skólabarn eða kennari hefir berklasótt, og læknir

álitur, að um sóttnæmishættu sé að ræða, þá getur heilbrigðisnefnd bannað, að barnið eða kennarinn komi í skólann, þar til sóttnæmishættan er um garð gengin að lækni dómi. **95**  
18. júní

*XI. Um samkomuhús.*

25. gr.

Heilbrigðisnefndin skal hafa eftirlit með samkomuhúsum í hreppnum, og sjá um að þau séu ræstuð hvenær sem hún álitur þess þörf, og sjá um að í slíkum húsum séu jafnan nægilega mörg hrákailát. Vilji eigendur ekki sætta sig við álit heilbrigðisnefndar, geta þeir leitað álits héraðslæknis, sem þá ræður úrslitum.

*XII. Um næma sjúkdóma.*

26. gr.

Þá er lögskipuðum vörnum er haldið uppi gegn næmum sjúkdómi, skal heilbrigðisnefnd aðstoða héraðslækni við sóttvörnina.

Ef upp kemur alvarlegur næmur sjúkdómur á svæði því, sem samþykktin nær yfir, eða í nálægum sveitum, þá er heilbrigðisnefnd heimilt að setja í samráði við héraðslækninn strangari fyrir mæli um stundarsakir en í samþykkt þessari felast, um hreinlæti utan húss og innan, burtflutning á óhreinindum o. s. frv.

*XIII. Um sektir.*

27. gr.

Ef menn brjóta samþykkt þessa, eða vanrækja að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, þá varðar það alt að 200 króna sekt, sem rennur í sveitarsjóð.

Ef heilbrigðisnefnd kýs heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, þá er henni það heimilt, og skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, er sekur er.

28. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. ágúst 1910.

Þetta er hér með gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 18. júní 1910.

**Björn Jónsson.**

*Eggert Briem.*